

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 9 - 15.10. 2002

Þriðjudaginn 15. október, árið 2002 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 17 í Áhaldahúsi Skagafjarðarveitna ehf.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri. Margeir Friðriksson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Framsal einkaleyfis til dreifingar á heitu vatni til Skagafjarðarveitna ehf.
2. Ný reglugerð fyrir Skagafjarðarveitur ehf. (hitaveita)
3. Ný gjaldskrá fyrir Skagafjarðarveitur ehf. (hitaveita)
4. Bréf sem borist hafa
5. Borun út að austan
6. Önnur mál

AFGREIÐSLUR:

1. Lagt fram framsal Sveitarfélagsins Skagafjarðar til Skagafjarðarveitna ehf. á einkaleyfi Hitaveitu Skagafjarðar frá 21. desember 1999 til starfrækslu hitaveitu í samræmi við 31. gr. orkulaga nr. 58/1967. Veitusvæðið er lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar að undaskildu því svæði sem Hitaveita Hjaltadals nær nú til. Einkaleyfi þetta gildir í 25 ár. Að þeim tíma liðnum fellur einkaleyfið aftur til sveitarfélagsins.

Stjórnin samþykkir að taka við framsalinu.

2. Veitustjóri kynnti drög að nýrri reglugerð fyrir Skagafjarðarveitur ehf.

Stjórnin samþykkir framangreind drög.

3. Veitustjóri lagði fram nýja gjaldskrá Skagafjarðarveitna ehf. vegna hitaveitu, þar sem eldri gjaldskrá utan heimæðagjalda er hækkuð um 3% vegna verðlagshækkana. Einnig gerðar breytingar á heimæðagjöldum.

Stjórnin samþykkir hækkun gjaldskrár frá og með 1. nóvember 2002.

4. Lagt fram bréf frá Guðmundi Márussyni og Guðmanni Tóbiássyni, dagsett 24. september 2002, þar sem óskað er eftir að fá heitt vatn í sumarhús syðst í landi Geldingarholts og Garðhúsa.

Stjórnin samþykkir að fela veitustjóra að svara erindinu og vísar til 6. greinar í gjaldskrá um byggingar á óskipulögðu svæði.

Einning var lagt fram bréf frá iðnaðarnefnd Alþingis dagsett 30. september 2002, þar sem nefndin þakkar fyrir góðar og ánægulegar móttökur 10. september sl.

5. Borun út að austan.

Stjórnin samþykkir að fela veitustjóra að sækja um styrk til Átaks til jarðhitaleitar á köldum svæðum vegna borunar við Kýrholt, að upphæð kr. 12.500.000.

6. Önnur mál.

a) Rætt um málefni Atvinnuþróunarfélags Skagafjarðar ? Hrings.

b) Lánssamningur í erlendum myntum við Búnaðarbanka Íslands hf. dagsettur 15.10. 2002.

Stjórnin samþykkir framangreindan lánssamning.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl.
1835